

Ég má, en ekki þú

Ef ég segi vini mínum sögu sem hann segir frænda sínum sem segir frænku sinni sem segir mági sínum sem segir dóttursyni sínum söguna og hann segir mér – heyri ég þá söguna sem ég sagði?

VIÐHORF



Skapti Hallgrímsson

Lífið er ekki sérlega flókið; fæðing, nám, (stundum) fjölgum, vinna, andlát. Annað er aukaatriði; tilbrigði við meginstef.

Einfaldasta lífsreglan virðist þessi: Ég má gera það sem mig langar til (eða mér, svo fremi það sé á íslensku) en ekki þú, vegna þess að ég er viss um að mér er treystandi til þess að gera rétt en ég er ekki alveg jafn viss um þig ...

Og þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða hjónabönd eða kjarnorkuvopn.

Rauður litur er rauður. Gult er gult og grænt er grænt. Allir vita hvenær á að bíða, hvenær skal hinkra og hvenær fara yfir. Eða eru reglurnar í reynd ekki svona? Má ég kannski fara yfir á rauðu en ekki þú?

Hver er það sem leggur bestu línurnar í henni veröld? eru það lýðræðislega kjörnir fulltrúar, einræðisherrar eða ég og þú? Múhamed? Þór, Óðinn og Týr? Er það Jesús sonur Guðs sem segir frá í hinni helgu bók?

Ef ég segi vini mínum sögu sem hann segir frænda sínum seinna í dag, sá segir frænku sinni sem segir mági sínum sem segir dóttursyni sínum söguna og hann segir mér – hann segir mér söguna jafnvel eftir bestu samvisku strax í fyrramálið – má þá ekki búast við að ég heyri einhverja allt aðra sögu en þá sem ég sagði í fyrstu? Þrátt fyrir það að allir viðkomandi haldi, ekki síst dóttursonur mágs frænku frænda vinar míns, að réttu sögunni hafi verið komið áfram.

Getum við alltaf verið viss um að rétt sé eftir haft?

Sem barn fór ég stundum í leik þar sem einn hugsaði sér orð, hvíslaði því að næsta og svo koll af kalli þar til það var komið hringinn. Og þá var oft hlegið; *strákur* gat á þessari stuttu leið orðið að *hakk og spaghetí* eða einhverju þaðan af verra. Og tók leikurinn þó ekki nema 10–15 sekúndur.

Ég er kristinn; skírður og fermdur og giftur og verð vonandi jarðaður í vígðri mold þegar þar að kemur. Ég trú á guð og Jesú Krist, en hvernig get ég verið viss um að allt sem stendur í hinni góðu bók sé það sem í upphafi var meint?

Fyrst *strákur* getur breyst í *hakk og spaghetí* á 10 sekúndum er ekki allt eins líklegt að merki-legri frásagnir eða tilvitnanir breytist dálítið á nokkrum öldum, jafnvel þúsundum ára? Get ég verið viss um að ummæli Jesú Krists séu rétt eftir honum höfð?

Er ólíklegt að einhvern tíma hafi hann hreinlega gert að gamni sínu en áheyrendur tekið orð hans of bókstaflega?

Ekki fékk hann að lesa prófórk. Auðvitað er eðlilegt og sjálfsagt að skoðanir séu skiptar um allt milli himins og jarðar (nema að

vísu hvort leyfa eigi notkun fíkniefna sem kölluð eru ólögleg! Til dæmis um það hvort hommar fái að giftast hommum, lesbíur fái að giftast lesbíum, ég fái að giftast unnustu minni, dóttur mín fái að heita Belja eða sonurinn Gráni. Að vísu starfar enn ríkisrekin nefnd sem ákveður hvað börnin mín mega heita og hvað ekki, svona eins og ákveðið var í gamla daga hvað kílóí af lambakjöti átti að kosta, og hverjir máttu kaupa gjaldreyri.

Hvers vegna má ég ekki ráða því hvað börnin mín heita?

Ríkið ákveður líka hvort allir megi giftast þeim sem þeir óska, en sú ákvörðun hefur reyndar ekki verið tekin.

Hvers vegna má ég ekki ráða því hvort ég giftist konu eða karli? Er það vegna þess að í bókinni gömlu stendur að hjónaband sé sáttmáli karls og konu?

Er það algjörlega bannað að vera í einhverjum atriðum ósam-mála guði almáttugum og einkasyni hans þó svo ég aðhyllist kristna trú?

Er efnum ekki nauðsynlegur?

Hvaða máli skiptir þetta svo sem allt? Er ekki aðalatriðið að lífa lífið af? – Það gerir að vísu enginn, strangt til tekið, nema í minningum annarra eða á bókum. Og þær geta vissulega verið misjafnar, bæði minningarnar og bækurnar. – Að lífa lífið af, já. Og að átta sig á því að á undan okkur dvaldi fólk hér á jörðinni og á eftir okkur koma (vonandi) margar kynslóðir til viðbótar.

Fjölmíðun er önnur og meiri nú en þegar Jesús var ungur og þegar mannkynssagan gerist í beinni útsendingu er varla hægt að hafa rangt eftir. Þess vegna er ekki ástæða til annars en að staldra við ummæli forseta Frakklands á dögum, þó þau séu óviðeigandi.

Jacques Chirac sagði, þó ekki orðrétt: Ég má eiga kjarnorkuvopn, og beita þeim, en ekki þið! Ég treysti sjálfum mér fullvel til þess að meta það hvort mér sé hægt að treysta til þess að framleiða og eiga kjarnorkuvopn vegna þess að mér er treystandi, þegar á reynir, til þess að meta hvort nota eigi þau eða ekki ...

Líklega er of seint að banna mönnum að búa til og eiga kjarnorkuvopn. Auðvitað væri best að þau hefðu aldrei verið fundin upp en úr því sem komið er, hver getur dæmt ákveðnar þjóðir úr leik?

Ég má en ekki þú – af því bara.

Skyldi Chirac samt sem áður telja Bandaríkjamenn mega eiga svona vopn? Ætli það sé þá vegna þess að þeir einir hafa reynslu af notkun þeirra í hernaði? Eða af því að þeir eru vestræn þjóð?

Ég er nokkuð viss um að kjarnorkuvopn eru engin til í minni fjölskyldu og konan mín fullyrðir að ég sé ekki hommi. Hvorugt þeirra atriða sem hér hafa verið gerð að umtalsefni er því persónulegt baráttumál mitt. En snýst ekki tilveran um sanngírni? Hver má hvað og hvers vegna? Ef einn má, hvers vegna ekki annar?

Lífið er að öllum líkindum flókna-ara en ég hélt.

skapti@mbl.is

UMRÆÐAN

Betri árangur með nýjum sjúkrahúsbyggingum

Torfi Magnússon fjallar um málefnið: „Af hverju nýtt sjúkrahús?“

AÐ UNÐANFÖRNU hefur nokkuð verið fjallað um byggingu nýs húsnæðis fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús (LSH) við Hringbraut. Eðlilega hafa vaknað spurningar um hvort svo umfangsmikil framkvæmd sé nauðsynleg og að hvaða marki æskileg fyrir þróun í heilbrigðismálum Íslendinga. Það sjónarmið hefur komið fram að fjármagnni ætti frekar að verja í forvarnarstarf og þjónustu við aldraða en í nýja sjúkrahúsbyggingu. Öllu líklegra er samt að nýtt sjúkrahús eigi eftir að efla á margan hátt forvarnir í heilbrigðismálum landsmanna og þjónustu við aldrada. Það verður þó ekki sérstaklega til umfjöllunar hér heldur hvernig sannanlega er hægt að bæta árangur í þjónustu sjúkrahússins með nýjum byggingum.

Erlendar rannsóknir hafa ótvírátt sýnt fram á að húsnæði sjúkrahúsa, sem skipulagt er með líkum hætti og á LSH, er að mörgu leyti óheppilegt fyrir nútíma heilbrigðisþjónustu. Í mörgum tilvikum eru aðstæður beinlínis hættulegar sjúklingum jafnt sem starfsmönnum. Fáeinar niðurstöður slíkra rannsókna eru tilgreindar hér:

Einbýli hafa ótvíráða kosti fram yfir fjölbýli í nútíma sjúkrahúsþjónustu og með nýrri hönnun er hægt að mæta margvíslegum þörfum sjúklinga, líkamlegum jafnt sem andlegum.

Vist sjúklinga í fjölbýli með sameiginlegri salernisaðstöðu veldur því að sýkingar berast auðveldlega á milli þeirra. Með vist á einbýli má draga verulega úr tíðni

sýkinga sem leitt geta til alvarlegra veikinda og dauða.

Í eldri sjúkrahúsbyggingum, þar sem mikið er um fjölbýli, þarf oft að flytja sjúklinga milli herbergja og deilda. Þessir flutningar auka hættu á að smitsjúkdómar berist milli sjúklinga og einnig er aukin hættu á mistökum, t.d. við lyfjagjöf. Úr þessu má draga með byggingu nýrra legudeilda þar sem eingöngu eru einbýli.

Í eldri sjúkrahúsbyggingum fer mikill tími til spillis vegna flutnings sjúklinga og langrar göngu starfsmanna til og frá sjúkrarúmi. Með breyttri hönnun er hægt að auka þann tíma sem fer í virka meðferð og umönnun sjúklinga og gæði meðferðar.


Loftræsting í eldri byggingum er víða ófullkomin. Góð loftræsting innan sjúkrahúsa dregur úr sýkingum sjúklinga og starfsfólks.

Erfitt er að virða mannhelgi og gæta fulls trúnaðar við sjúklinga í þeim sjúkrahúsbyggingum sem nú eru í notkun, m.a. eru aðstæður til einkasamtala slakar. Á einbýlum eru þær hins vegar góðar og auðveldara er fyrir heilbrigðisstarfsfólk og aðstandendur að ræðast við í þeim.

Byltur eru meðal algengustu óvæntra atvika á sjúkrahúsum. Þær geta valdið sjúklingum skaða og leiða stundum til lengri dvalar á sjúkrahúsi. Nútímahönnun sjúkrahúsa dregur umtalsvert úr byltum sjúklinga sem þar vistast.

Hávaði mælist umtalsvert meiri í eldri sjúkrahúsbyggingum en nýjum. Hann truflar hvíld og nætursvefn sjúklinga og veldur streitu. Ný hönnun með einbýlum dregur úr hávaða, bætir svefn og minnkar streitu sjúklinga.

Einbýli stytta legutíma og auka vellíðan sjúklinga.



Torfi Magnússon

Ný sýn – ný forysta

Eftir Bjarna Torfa Álfþórsson

Prófkjör Seltjarnarnesi

SÚ ÁKVÖRÐUN mín að bjóða mig fram til forystu fyrir bæjarstjórnarflokk sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi á sér lengri sögu en marga grunar. Frá unga aldri hef ég haft brennandi áhuga á bæjarmálum og með ýmsum hætti komið að þeim bæði í sjálfboðavinnu fyrir mörg félagsamtök og einnig sem kennari í Mýrarhússkóla.

Síðustu fjögur ár hafa verið mér, sem bæjarfulltrúi og formaður skólaneftdar, sérlega lærdómsrík og verið mér hvatning til þess að halda áfram á sömu braut.

Hvatning fjölmargra íbúa á Seltjarnarnesi hjálpaði mér einnig til þess að taka þá ákvörðun að bjóða mig fram til forystu í bæjarfélaginu. Ég er þessu fólki þakklátur fyrir þann stuðning sem það hefur sýnt mér og eins þeim fjölmörgu sem hafa lýst ánægju sinni með ákvörðun mína.

Eins og allir vita hefur á síðustu misserum ríkt órói og ágreiningur í okkar litla bæjarfélagi vegna nokkurra mála. Lítið bæjarfélag eins og Seltjarnarnes þolir illa að ganga með reglulegu millibili í gegnum þung ágreiningsmál sem skipa fólki í fylkingar. Með styrkri forystu og liprum stjórnunarhátt-

um er hægt að minnka hættuna á slíkum uppákomum. Eftir höfðinu dansa limirnir og ég tel mikilvægt að þeir sem stýra þessum málum af hálfu bæjarfélagsins hafi skilning og hæfileika til að leiða slík mál til lykta án átaka.

Það er ljóst að ekki hefur alltaf verið fullkomin samstaða innan núverandi meirihluta, hvorki hvað varðar einstök mál, áherslur né stjórnunarstíl á löndu kjörtímabili. Slíkur ágreiningur hefur ekki komið upp á yfirborðið enda er mikilvægt að þeir sem eru saman í liði leysi ágreiningsmál sín innan hópsins. Þar takast menn á og reyna að koma fram sínum áherslum en að lokum þarf liðið að koma fram sem ein samstíga heild.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur stýrt málefnum Seltjarnarness alla tíð og því er enn mikilvægara en viðast annars staðar að forystumenn flokksins hafi sem breiðasta skírskotun til íbúa bæjarins og að sem flestir íbúar geti lítið á forystumenn flokksins sem sína fulltrúa.

Prófkjör er m.a. til þess að gefa þeim sem það vilja tækifæri til að gera breytingar á forystunni. Ég tel að reynsla mín af mörgum ólíkum störfum ásamt einlægum áhuga mínum á málefnum Seltjarnarnesbæjar geri mig að góðum kosti fyrir þá sem vilja nýja



Bjarni Torfi Álfþórsson

Nýjar sjúkrahúsbyggingar, sem þjóna þörfum Íslendinga á komandi árum, eru því nauðsynlegar. 6

Sú þekking á áhrifum sjúkrahúsumhverfis á meðferð og öruggu sjúklinga sem hefur fengist á undanförmum árum hefur breytt viðhorfum þeirra sem ábyrgð bera á rekstri sjúkrahúsa. Þetta hefur víða leitt til verulegrar endurnýjunar eldri sjúkrahúsa, m.a. í Bandaríkjunum, Bretlandi og Norge. Nú er eindregið mælt með því að sjúklingar dvelji á einbýlum meðan þeir eru á sjúkrahúsum, fyrirkomulag legudeilda sé endurskipulagt, lögð áhersla á vinnjarnlegt og hljóðlætt umhverfi og sérstaklega hugað að lýsingu og loftræstingu.

Erfitt og kostnaðarsamt er að breyta húsnæði LSH og í raun ómögulegt að færa það í nútímahorf. Nýjar sjúkrahúsbyggingar, sem þjóna þörfum Íslendinga á komandi árum, eru því nauðsynlegar. Uppbyggingu húsnæðis LSH verður ekki stefnt gegn forvörnum, þar er ekki spurning um annaðhvort forvarnir eða nýjar sjúkrahúsbyggingar heldur þarf þetta hvort tveggja að vera í forgrunni íslenskrar heilbrigðisþjónustu á næstu árum. Á það má líka benda að þriðjungur legudaga á LSH er vegna sjúklinga sem eru 65 ára og eldri, þótt þeir séu aðeins um 12% þjóðarinnar. Nýjar sjúkrahúsbyggingar eru því ekki síst öldruðum til hagsbóta.

Ákveðið hefur verið að reisa hér byggingar fyrir nýtt háskólasjúkrahús. Uppbyggingin er nauðsynleg og hún verður landsmönnum til farsældar. Sameinumst í því framfaramáli.

Höfundur er læknir, ráðgjafi forstjóra LSH.

Lítið bæjarfélag eins og Seltjarnarnes þolir illa að ganga með reglulegu millibili í gegnum þung ágreiningsmál sem skipa fólki í fylkingar. 6

forystu í prófkjöri okkar sjálfstæðismanna 4. febrúar næstkomandi. Ég tel mikilvægt að sem flestir bæjarbúar upplifi sig sem þátttakendur í að móta áherslur í bæjararmálum. Íbúar á Seltjarnarnesi verða að upplifa bæjarstjóra sem leiðtoga en ekki stjórnanda og sá leiðtogi á að koma fram við samstarfsfólk og íbúa af fullri virðingu og skilningi.

Nái ég kosningu í 1. sætið mun ég standa vörð um að Seltjarnarnes haldi sérkennum sínum með lágreiðri og hlýlegri byggð. Þá legg ég sérstaka áherslu á að álögum á fjölskyldufólk verði haldið í lágmarki.

Þrátt fyrir sterka stöðu Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi er einungis um eins manns meirihluta að ræða í bæjarstjórn. Skjótt geta skipast veður í stjórnarmálum og því þurfa sjálfstæðismenn að velja sér forystu sem líkleg er að geta auknið og breikkað fylgi flokksins og styrkt stöðu hans í bæjarfélaginu.

Höfundur er bæjarfulltrúi á Seltjarnarnes og býður sig fram í 1. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi.